

Neyðaráætlun til verndar heilsu manna og umhverfis

Umhverfis og öryggishættur

Nánast ómögulegt þykir að slysaslepping út fyrir rannsóknarsvæðið eigi sér stað þar sem að:

- Engir vaskar eða niðurföll eru inni á rannsóknarstofum. Mögulegur leki mun því ekki ná til fráveitukerfis.
- Magn sem unnið er með er það lítið að það mun ekki komast út fyrir rannsóknarsvæði ef það verður leki.
- Fljótandi úrgangi er safnað í söfnunarílát sem farið er með í meðhöndlunartanka. Þar eru örverur/frumur gerðar óvirkar með hækkun pH gildis. pH gildi er síðan lagað í öðrum safntanki til að vera innan leyfilegra marka áður en því er sleppt til bæjarveitu.
- Mengaður fastur úrgangur er flokkaður sér í afmörkuðu íláti sem verður sæft (og fargað svo með almennu sorpi) eða brennt.

Auk þess er eingöngu unnið með BSL 1 örverur og e.coli stofnar sem flokkast sem non-pathogenic notaðir.

Leysum á rannsóknarstofum er safnað saman eftir notkun í söfnunarílát og er komið til viðeigandi förgunaraðila.

Viðbrögð við atviki

- Slysaslepping sem enn er í gangi er stöðvuð um leið.
- Etanól í spreibrúsa ásamt pappírspurrkum verður notað til að þrifa upp og dauðhreinsa svæði
- Forsjáaraðilar tilkynna atvikið til Öryggisnefndar HÍ og í kjölfarið til Umhverfisstofnunar og/eða Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur eftir því sem við á. Þar mun koma fram:
 - Hvað kom fyrir;
 - Upplýsingar sem þarf til að meta áhrif slyssins á heilsu almennings og á umhverfið;
 - ráðstafanir sem þegar hafa verið gerðar.

Möguleg atvik verða auk þess rannsökuð til að hindra að slíkt gerist aftur.